

## MINNISBLAÐ

*Viðtakandi:* Skipulagsfulltrúinn í Skorradal

*Sendandi:* Atli Björn Levy

*Dagsetning:* 15.09.2023

*Efni:* Andakílsárvirkjun. Undirbúningsframkvæmdir. Viðbót. Lýsing á fyrirhugaðri aðkomuleið með grjóti til styrkingar jarðvegsstíflu við inntakslón

Minnisblað þetta gerir grein fyrir breytingu á aðkomuleið með efni, breyting frá því sem fram kemur í umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 21.7.2023. Framkvæmdaleyfið varðar styrkingu jarðvegsstíflu við inntakslón Andakílsárvirkjunar. Í framkvæmdinni felst að koma fyrir stórgrýti aftan við stífluna, henni til styrkingar.

Sú breyting hefur orðið á að grjótið verður ekki tekið í landi Syðstu-Fossa heldur úr námu nálægt Borgarnesi. Þess vegna er aðkomuleið með grjótið hagað á annan hátt eða eins og sýnt er (rauðlituð leið) á mynd 1.



**Mynd 1. Aðkomuleið með grjóti úr námu við Borgarnes**

Til samanburðar er sýnd leið eins og hún var upphaflega ráðgerð þegar áætlað var að efnið yrði tekið úr landi Syðstu-Fossa.



**Mynd 2. Áður fyrirhuguð aðkomuleið með grjót**